

- **Bingó** Haldið mánaðarlega. Bingó er bæði góð skemmtun og æfing.
- **Boccia** Létt æfing í góðum félagsskap.
- **Gönguhópur** Gönguferðir um hverfið í góðu veðri.
- **Landið skoðað með nútímatækni** Ferðumst saman um Ísland í gegnum Google Maps.
- **Leikfimi** Tvo morgna í viku.
- **Myndbandssýningar** Reglulega eru sýndar fjölbreyttar kvikmyndir eða fræðsluþættir.
- **Opin handverksstofa** Hópur sem hittist með þrjónana sína, heklunálar og saumnálar til að vinna ýmisleg handverk.
- **Postulínsnámskeið** Undir handleiðslu leiðbeinanda.
- **Söngstundir** Reglulega er samsöngur við píanóundirleik.
- **Tónleikar** Reglulegar heimsóknir kóra og sönghópa.
- **Upplestur** Ánægjuleg samverustund þar sem lesnar eru ýmsar bókmenntir.

VIÐ HVETJUM ALLA TIL AÐ KYNNA SÉR STARFSEMINA
OG TAKA ÞÁTT Í STARFINU MEÐ OKKUR!

Fylgist með á vefnum!

Þar finnið þið allar helstu upplýsingar
um starfið og komandi viðburði!

<http://langahlid.wixsite.com/langahlid3>
www.reykjavik.is

Félagsmiðstöð

Langahlíð 3 - 105 Reykjavík - sími 411 2550



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

DAGSKRÁ 2017



Félags- og þjónustumiðstöð

Langahlíð 3

Menning - Virkni - Samvera

Félagsmiðstöðin

Opið félagsrými

Í félagsmiðstöðinni við Lönguhlíð 3 er vinalegt andrúmsloft og hvetjandi og aðlaðandi umhverfi þar sem hver sem vill getur komið og tekið þátt. Við leitumst við að hafa fjölbreytta dagskrá og því ættu flestir að geta fundið sér námskeið eða hóp sem fellur innan síns áhugasviðs. Markmið félagsstarfsins er að ýta undir sjálfbært félagsstarf með því að efla frumkvæði og skapa vettvang fyrir hvern og einn til að miðla af eigin reynslu og þekkingu fyrir bæði íbúa hússins og aðra notendur.

Í félagsmiðstöðinni er góð aðstaða sem nýtist vel fyrir fjölbreytt félagsstarf og ýmsa aðra viðburði. Hér er að finna rúmgóða og vel útbúna handverkstofu og vinnustofu fyrir meðal annars postulínsmálun og aðrar listgreinar. Hér er einnig salur sem nýttur er undir fjölbreytta starfsemi á borð við heilsueflandi liði félagsstarfsins, söngstund, Landið skoðað, fræðslu, fundi, samverustundir og ýmsar aðrar upptækur.

Félagsstarf:	411 - 2553
Eldhús:	411 - 2556
Hárgreiðslustofa:	552 - 2488 / 661 - 1927
Fótaaðgerðastofa:	552 - 7522 / 666 - 5308



Heitur matur frá Vitatorgi er í hádeginu alla virka daga kl. 11:30 - 12:00.

Mat þarf að panta eða afpanta í síðasta lagi samdægurs fyrir kl. 9:00 í síma 411 - 2556.

Föst dagskrá

Mánudagur

- 09:00 Upplestur
- 11:00 Leikfimi
- 13:00 Opin handverksstofa
- 13:30 Boccia

Þriðjudagur

- 09:00 Postulínsmálun
- 13:00 Opin handverksstofa
- 13:30 Landið skoðað með nútímatækni

Miðvikudagur

- 10:15 Herraklúbbur
- 13:00 Postulínsmálun
- 13:00 Hópur kvenna með ýmis handverk
- 13:00 Söngstund - *auglýst sérstaklega*

Fimmtudagur

- 09:00 Opin handverkstofa
- 10:15 Upplestur
- 13:30 Boccia
- 14:00 Samverustund í samstarfi við Háteigskirkju - *þriðja hvern fimmtudag í mánuði*

Föstudagur

- 11:00 Leikfimi
- 13:00 Bingó - *auglýst sérstaklega*
- 15:00 Myndbandssýningar - *auglýst sérstaklega*



Aðstaða

Þjónustuíbúðir

Í Lönguhlíð 3 eru 33 þjónustuíbúðir, þar af 32 einstaklingsíbúðir og ein hjónaíbúð. Öryggiskerfi er í öllu húsinu en það fylgja öryggis-hnappar hverri íbúð og starfsmaður er á vakt allan sólarhringinn. Í húsinu er auk þess veitt félagsleg heimaþjónusta sem byggir á grundvelli mats og þjónustusamnings við einstaklinga.

Á jarðhæð hússins er félagsmiðstöðin og setustofa þar sem hægt er að njóta spjalls og samveru við aðra í hlýlegu umhverfi. Þar er einnig að finna matsalinn sem er mikilvægur þáttur í starfseminni. Við húsið er garðskáli með góðri aðstöðu til að njóta gróðursæls umhverfis allt árið um kring.

„**Opið kaffihús**“ er alla virka daga kl. 14:30 - 15:30.

Í boði eru girnilegar veitingar, gjarnan heimabakað, og er verðinu stillt í hóf!

